

**Sp.**

**247. Svar**

**[179. mál]**

sjávarútvegráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um útflutning K. Jónssonar & Co. hf.

Leitað var upplýsinga um þetta mál til Ríkismats sjávarafurða, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Sölustofnunar lagmetis.

### **1. Eftirlit með framleiðslu lagmetis til útflutnings.**

Samkvæmt reglugerð nr. 138/1985, um eftirlit og framleiðslu á lagmeti til útflutnings, skulu lagmetisverksmiðjur hafa vinnsluleyfi frá Ríkismati sjávarafurða til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum til framleiðslu. Ríkismat sjávarafurða hefur með höndum eftirlit með hráefni, hreinlæti og búnaði verksmiðjunnar.

Eftirlit með framleiðsluvörum verksmiðjunnar er hins vegar í höndum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins sem fylgist daglega með gæðum þeirra.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur með höndum útgáfu vottorða með öllu fisklagmeti til útflutnings frá Íslandi. Daglega taka trúnaðarmenn Ríkismats sjávarafurða sýni af framleiðslu hvernar lagmetisverksmiðju og senda til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Við rannsóknina er einkum tekið mið af eftirfarandi atriðum:

1. Að framleiðslan uppfylli lagalegar kröfur viðtökulandsins varðandi samsetningu, efnainnihald o.þ.h. Stofnunin er í sambandi við tölvubanka í Bretlandi þar sem unnt er að fá upplýsingar um þau lög sem gilda um matvælainnflutning í ýmsum löndum.
2. Að sérstakar óskir kaupenda séu virtar um ýmis viðskiptaleg atriði, t.d. saltinnihald og sýrustig.

Þær mælingar, sem algengast er að gerðar séu daglega, eru eftirfarandi:

1. Öryggisatriði, t.d. hvort suða hafi verið nægjanleg, umbúðir heilar, gerlafjöldi innan eðlilegra marka o.s.frv.
2. Mælingar á þyngd, vökva, salti, sýrustigi og mat á lit, lykt og bragði.

Auk þess eru gerðar öðru hvoru mælingar á þáttum sem erfitt og tímafrekt er að mæla, t.d. aukaefnum, svo sem rotvarnarefnum, vatnsbindiefnum, litarefnum o.fl. Hér hefur yfirleitt verið um það að ræða að mæla magn efna, sem gefin eru upp, í vörunni og leyfileg eru. Ekki hefur verið farið út á þá braut að mæla efni sem ekki eru gefin upp á umbúðum en gæti hafa verið bætt í hana með ólöglegum hætti.

Sé öryggisatriðum ekki fullnægt er gengið eftir því að vörunni sé eytt undir eftirliti. Komi hins vegar fram frávik vegna annarra atriða eru gerðar athugasemdir á vottorðum til framleiðenda og útflytjenda.

Framleiðsluvottorðin eru send jafnóðum til framleiðenda og útflytjenda. Þau greina í smáatriðum frá ástandi sýnanna og hvort og þá hvaða athugasemdir muni verða gerðar á útflutningsvottorði, en um það gilda ákveðnar reglur, sbr. vinnureglur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um eftirlit og útflutning á lagmeti.

### **2. Endursendar vörur vegna skemmda.**

Fyrirtækið K. Jónsson & Co. hf. á Akureyri hefur nokkrum sinnum verið aðili að tjónamálum þar sem vörur hafa ýmist verið endursendar eða verið eytt af kaupanda.

### **3. Verðmæti skemmdra vara.**

Stærstu tjón hafa verið:

1. Gaffalbitasendingar til Sovétríkjanna í september og október 1978, samtals 8714 kassar að verðmæti 122 milljónir ísl. kr. á gengi í febrúar 1979. Varan var eyðilögð hjá kaupanda.

2. Niðursoðin rækja til Sambandslýðveldisins Þýskalands í október, nóvember og desember 1979. Alls voru framleiddir tæplega 18 þúsund kassar af gallaðri rækju að verðmæti um 225 milljónir króna á gengi í desember 1979 og var stór hluti þess magns enn á lager hjá K. Jónssyni & Co. hf. Þegar kvörtun var gerð. Rækjan var innkölluð hjá dreifingaraðilum og endursend til Íslands þar sem hún var að einhverju leyti endurunnin. Um endanlegt tjón er ekki vitað.
3. Niðursoðin rækja til Sambandslýðveldisins Þýskalands á tímabilinu maí 1984 til september 1986. Samtals voru framleiddar um 12 milljónir dósa af gallaðri vöru, þar af eru um 105 þúsund dósir á lager í Þýskalandi, og er verið að senda þær til Íslands. Að mati Sölustofnunar lagmetis er tjónið lauslega metið á 45 milljónir króna en vonast er til að það verði nokkru lægra.

#### 4. Ástæður óhappa hjá fyrirtækinu.

##### 1. Gaffalbitasendingar til Sovétríkjanna sept.-okt. 1978.

Við komu til Sovétríkjanna reyndist varan skemmd. Rannsóknir Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins bentu til að yfirleitt hafi varan staðist þær kröfur sem gerðar voru í viðskiptasamningi. Þágildandi reglugerð um útflutning á lagmeti var hins vegar ekki framfylgt að því leyti að trúnaðarmenn Framleiðslueftirlitsins tækju sýnin. Það gerðu því starfsmenn verksmiðjunnar. Niðurstaðan af athugunum í sambandi við þetta tjónamál varð sú að varan reyndist mun lakari en sýnin bentu til.

##### 2. Rækja til Sambandslýðveldisins Þýskalands síðla árs 1979.

Í þessa vöru hafði ekki verið notuð sítrónusýra eins og kaupandi mun hafa farið fram á. Við skoðun reyndist varan uppfylla öryggiskröfur og bragð- og lyktarmat var innan eðlilegra marka. Sýrustig var mælt og skráð í framleiðsluskýrslur til verksmiðju. Athugasemdir af hálfu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins voru ekki gerðar vegna sýrustigs í rækjunni þar sem samningur gerði ekki ráð fyrir sérstökum ákvæðum þar að lútandi.

##### 3. Niðursoðin rækja til Sambandslýðveldisins Þýskalands framleidd frá maí 1984 til september 1986.

Efninu hexamethylenetetramine var blandað út í rækjuna til að slá á óæskilega lykt sem getur myndast við suðuna. Efnið er einungis leyft í einstaka kælivöru. Við suðu brotnar efnið hins vegar hratt niður í formaldehyð, en það finnst í nokkrum mæli í rækju. Notkun efnisins með þessum hætti kemur því fram í rækjunni sem hækkun á magni formaldehyðs. Það er viðurkennt af hálfu verksmiðjunnar að efnið hafi vísitandi verið sett í vöruna og að full vitneskja hafi verið um að slíkt væri ólöglegt.

#### 5. Afstaða ráðuneytisins.

Eins og fram kemur í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar eru daglega tekin sýni af framleiðsluvörum hvernar lagmetisverksmiðju og þau rannsökuð daglega með tilliti til öryggisatriða og ýmissa annarra þátta. Af og til eru auk þess gerðar mælingar á magni aukaefna sem gefið er upp að í vörunni séu og leyfileg eru. Það liggur hins vegar í hlutarins eðli að útilokað er að framkvæma reglulega dýrar og tímafrekar mælingar til þess eins að sannreyna að ekki séu í framleiðslunni þau ótalmörgu aukaefni sem óheimilt er að nota. Það hlýtur að vera á ábyrgð framleiðenda sjálfra að blanda ekki slíkum efnum í framleiðsluvörur sínar og er útilokað að opinbert eftirlit geti komið í veg fyrir þá íblöndun.

Samkvæmt reglugerð nr. 137/1985, um fyrirkomulag mats og eftirlits með sjávarafurðum til útflutnings, er öllum lagmetisverksmiðjum skylt að hafa sérmenntaðan framleiðslu-

stjóra. Mjög miklar skyldur eru lagðar á hann og ber hann ábyrgð á framleiðslunni og að reglugerðum og fyrirmælum stjórnvalda sé framfylgt.

Ríkismat sjávarafurða hefur með bréfi dags. 21. nóv. 1986 hafnað framleiðslustjóra K. Jónssonar & Co. hf. til starfans.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja er það niðurstaða ráðuneytisins að opinbert eftirlit á útfluttu fisklagmeti sé með fullnægjandi hætti. Ef koma á með öllu í veg fyrir að framleiðendur sjálfir bæti í vöru sína óleyfilegum efnum mundi það hafa í för með sér óhæfilegan kostnað og í reynd hindra arðbæra framleiðslu á fisklagmeti.